

Mál nr. 310/2010

M

og

Vátryggingfélagið X v/líf- og sjúkdómatryggingar

Ágreiningur um upplýsingaskyldu, andlát 17.08. 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 07.10. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 20.10. 2010.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Þann 29.08. 2000 sótti vátryggingartaki um líf- og sjúkdómatryggingu. Umsóknin var samþykkt 01.09. 2000 með tilteknum fyrirvörum sbr. gögn málsins. Vátryggingartaki lest 17.08. 2009 í umferðarslysi. Í framhaldi bótakröfu óskaði félagið upplýsinga úr sjúkraskrá viðkomandi síðustu 5 ár fyrir töku vátryggingarinnar. Að lokinni athugun viðbótarupplýsinga hafnaði félagið bótagreiðslu. Félagið telur að rangar upplýsingar hafi verið gefnar um “reikvenjur” viðkomandi við töku vátryggingarinnar. Bótaskyldu var hafnað með vísan til 3. gr. skilmála og 13. kafla laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, sérstaklega 1. mgr. 83. gr. og 2. mgr. 85. gr. laganna. Samkvæmt nefndri 83. gr. er ábyrgð félagsins ekki fyrir hendi ef vátryggingartaki eða vátryggður hefur sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína. Félagið vekur athygli á því að ekki er gerð krafa um að orsakasamband sé á milli þeirra röngu upplýsinga sem veittar voru og tjónsatburðar. Hin vanræktu upplýsingaskylda hafi haft áhrif á áhættumat félagsins. Vátryggingartaki hafi gefið rangar upplýsingar um það hvort hann reyki eða hafi reykt síðustu 12 mánuði fyrir töku vátryggingarinnar.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að vátryggingartaki (vátryggður) hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína á þann veg að það valdi brottfalli bótaskyldu sbr. 1. mgr. 83. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 16. nóvember 2010

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.